

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 01 – 2023

Staður: Hvanneyri og Teams

Tími: Mánudagur 23. jan 2023 kl. 09:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Daði Már Kristófersson (Teams), Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson (Teams- varamaður Lilju Bjargar Ágústsdóttur), Haukur Þórðarson, Þórunna Jónsdóttir (Teams) og Jóhannes Sveinbjörnsson (Teams).

1. Bréf sent háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðherra 30. desember 2022 varðandi fyrirhugaða uppbyggingu jarðræktarmiðstöðvar á Hvanneyri, fjárveitingar til Lbhí og búnað Lbhí á Reykjum. Ekkert svar hefur borist við bréfinu enn. Ákveðið að rektor biðji um fund með ráðherra sem allra fyrst.

2. Úthlutun úr samstarfssjóði háskólanna. Rektor lagði fram samantekt um úthlutun úr sjóðnum 12.1.2023. 26 verkefni fá styrk að þessu sinni og er Lbhí þátttakandi í 9 þeirra og þar af leiðum við tvö, annars vegar um uppbyggingu og þróun námsins í skipulagsfræði og hins vegar um ný prótein. Önnur úthlutun er fyrirhuguð á þessu ári. Umræða varð um þá stöðu að á sama tíma og þessi samstarfssjóður hefur tekið til starfa hafa grunnfjárveitingar til háskólanna verið skornar niður. Háskólafólk almennt hefur áhyggjur af þeirri stöðu.

3. Siðareglur Lbhí – tillaga um fund. Fyrir liggur tillaga að dagskrá fundar 21. febrúar kl 15. Þar verður kynning á tilgangi og eðli siðareglna, reglur HÍ kynntar og lagðar fram tillögur siðanefndar Lbhí að uppfærðum reglum. Svo verða umræður á borðum, samantekt hópa og kynning á næstu skrefum. Lögð áhersla á að fá starfsfólk Lbhí og nemendur til virkrar þátttöku á fundinum.

4. Mannauðsstefna –umræða og skjal lagt fram til samþykktar.

Drög að mannauðsstefnu voru rædd á síðasta háskólaráðsfundi, þar komu fram breytingatillögur og sömuleiðis frá framkvæmdastjórn. Nokkur umræða varð um stefnuna. Háskólaráð samþykkir stefnuna með áorðnum breytingum.

5. Erindi frá N&S:

Erindið varðar mannráðningar inn á deildina og kjaramál. Rektor lagði fram yfirlit um nýráðningar og starfslok á ólíkum deildum og sviðum. Umræða varð um þessi mál. Uppfærður stofnanasamningur FÍN og Lbhí hefur verið í vinnslu um nokkuð langt skeið en er nú á lokastigi. Háskólaráð þakkar deildinni fyrir að vekja máls á þessu og fagnar umræðunni, háskólaráð vill styðja við uppbyggingu til framtíðar og

leggur áherslu á að gengið verði frá stofnanasamningi við FÍN hið fyrsta og að samkeppnishæfni launa starfsmanna Lbhí tryggi nýliðun og dragi að hæft starfsfólk.

6. Framtíðarstefna og stefnumótunarfundir

Lagt er til að 8. eða 13. mars og 13. apríl frá 14.30 -16 verði haldnir fundir þar sem þessi mál verða tekin fyrir. Verður ákveðið nánar í samráði við framkvæmdastjórn. Lagt var fram skjal um uppbyggingaráætlun Lbhí – framtíðarsýn og aðgerðaráætlun 2023-2037. Háskólaráð mun rýna þetta skjal og það verður umræðugrundvöllur á áðurnefndum fundum.

7. Mál til kynningar.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur ákveðið að styðja nýsköpunar- og þróunarsetur, bæði Orkideu og Gleipni, og mun ráðuneytið hafa stjórnarmann í setrunum.

Matvælaráðuneytið hefur gefið vilyrði fyrir stuðningi við iðragerjunarverkefni upp á 10 milljónir króna.

Fulltrúar frá Wageningen háskóla hafa boðað komu sína til að endurgjalda heimsókn Lbhí sl. haust og vinna áfram að góðu samstarfi háskólanna.

Fundi slitið kl. 10.15